

Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 Reykjavík 6.34 13.31 20.29
 Heimild: Almanak Háskólans

allt



atvinna o.fl.

Umönnun og fiskvinnsla óvinsæl störf
 BLS. 3

FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Góðan daginn!

Í dag er sunnudagur 4. apríl,
 95. dagur ársins 2004.



Yfirheyrslan gengur vonum framari! Hann er búinn að leggja spilin á borðið!

Smáauglýsingar á 750 kr. visir.is

Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 4

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki 87 stk.

Keypt & selt 24 stk.

Þjónusta 31 stk.

Heilsa 7 stk.

Skólar & námskeið 5 stk.

Heimilið 17 stk.

Tómstundir & ferðir 12 stk.

Húsnaði 27 stk.

Atvinna 17 stk.

Tilkynningar 2 stk.



Cherokee Grand Limited '99. Ek. 95 þ. Áhv. 2 millj. Tilboð 2.6 millj. S. 845 3705.



Schaferhvolpar (2 hundar, 2 tikur) með ættbók frá HRFI til sölu. Uppl. í s. 869 6888.

Þú færð líka allt sem þig vantar á

visir.is



Unnur Stefánsdóttir leikskólustjóri Umkringd börnum í Urðarhóli.

Mikil ábyrgð en skemmtilegt

Unnur Stefánsdóttir er leikskólustjóri á Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi. Þar eru 150 börn í dagvist í þremur húsum og fjöldi starfsfólks að sinna þeim. Unnur er mjög ánægð með starfið sitt. „Það er alltaf mikið að gera og maður klárar aldrei en þetta er skemmtilegt,“ segir hún.

Unnur kveðst þurfa að hugsa talsvert fram í tímann, skipuleggja fundi, ferðir og annir og svo að passa upp á að skólinn vinni eftir þeim markmiðum sem hann hafi sett sér. Þau eru að efla gleði og vilja barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu, listir og leik. „Þetta er það sem verið er að vinna eftir alla daga,“ segir hún og heldur áfram. „Hvert barn fær heilsubók og kennararnir skrá í þær upplýsingar um svefnavenjor þeirra, mataræði og hreyfingu. Einnig hvernig þau haga sér í félags-

skap við önnur börn og fleira þvíumlíkt.“ Nú er svokallaður skipulagsdagur framundan og Unnur er að skipuleggja hann. Þá eru börnin heima en kennararnir ræða starfið og fá stundum einhvern gest með fræðslu. Börnin í Urðarhóli eru á aldrinum 2-6 ára og sum yfirgefa hann í haust til að feta menntabrautina áfram. Því er Unnur að ráðstafa plássum. „Nokkrir foreldrar voru að fá bréf frá okkur um að barnið þeirra væri að komast inn og ég er að undirbúa fund með þeim,“ segir Unnur. Fleira er framundan. Unnur lýsir því: „Þann 11. maí, á afmæli Kópavogs verður opið hús og þá fáum við gesti og sýnum þeim hvað við erum að gera. Svo er það vorferðin. Þá förum við eitthvað út fyrir borgina og fylgjumst með lífinu í sveitinni, sauðburðinum og öðru sem þar er að gerast spennandi.“ ■

Liggur í loftinu Í ATVINNUMÁLUM

Verslunarfólk vinnur of mikið segir Verslunarmannafélag Reykjavíkur sem mótmælir lengri opunar- tíma verslana. VR harmar þá fyrirætlan forsvarsmanna stóru verslunarmiðstöðvanna, Krínglunnar og Smáralindar, að hafa opið á almennum frídögum.



„Fátt virðist vinnuveitendum heilagt á þessum árstíma nema föstudagurinn langi, páskadagur og annar í páskum. Síðastnefndi dagurinn virðist þó á undanhaldi sem frídagur, margar matvöruverslanir hafa verið opnar þann dag undanfarin ár,“ segir félagið. Flestar verslanir hafa nú opið skírdag og sumardaginn fyrsta sem lengi hafa verið frídagar vinnandi fólks og á 1. maí, á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks, verður stór hluti launamanna hér á landi líklega við vinnu sína segir VR og mótmælir harðlega þróuninni.

Næturvinna styttr lífið er niðurstaða sænskrar rannsóknar sem greint er frá vef ASÍ, www.asi.is. Rannsóknin var gerð hjá Karolinska Institut. 22 þúsund einstaklingum var fylgt eftir á


vinnumarkaðnum í tíu ár. Niðurstöðurnar benda til þess að konur sem stunda næturvinnu séu í helmingi meiri hættu á að deyja, áður en þær ná meðalaldri, en aðrar konur. Ástæða þess er meðal annars að fæstar þeirra fá einnar lotu langan svefn í einu eins og líkaminn þarfnast. Þetta getur leitt til hækkaðs blóðþrýstings og aukinnar hættu á blóðtappa í hjarta og heilablæðingu.

Útlendingar á Íslandi geta nú leitað upplýsinga um íslenskan vinnumarkað í nýtkominni bók Alþýðusambandsins. Með bókinni greiðir ASÍ aðgang launafólks af erlendum uppruna að upplýsingum um réttindi og skyldur þeirra samkvæmd lögum og kjarasamningum. Í ritinu sem ber heitið: „Icelandic Labour Law. A summary of basic rights and obligations on the private labour market“ er meðal annars fjallað um hlutverk stéttarfélaga, stöðu kjarasamninga, laun og orlofsréttindi, veikinda- og slysarétt starfsmanna, fæðingar- og foreldraorlof, rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs, uppsögn ráðningarsamninga og önnur þau atriði sem gilda um réttarsamband starfsmanna og atvinnurekanda.

heimili@frettabladid.is

Tvisvar á dag

til London og Kaupmannahafnar



icelandexpress.is

